



# Siðareglur kjörinna fulltrúa í Akureyrarkaupstað

Kynning fyrir kjörna fulltrúa og formenn nefnda  
Akureyrarbær

Inga Þöll Þórgnýsdóttir, bæjarlögmaður  
júní, 2018

# 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011

- Siðareglur og góðir starfshættir
- Sveitarstjórn skal setja sér siðareglur sem sendar skulu ráðuneytinu til staðfestingar
- Öllum kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn og nefndum og ráðum sem sveitarstjórn skipar ber að haga störfum sínum í samræmi við settar siðareglur
- 18. desember 2012

# Markmið

- Að skilgreina það háttæni og viðmót sem kjörnum fulltrúum ber að sýna við störf sín á vegum Akureyrarkaupstaðar
- Á við um bæjarfulltrúa og nefndarmenn

# Staða og ábyrgð

- Kjörnir fulltrúar láta ákvarðanir sínar einungis ráðast af lögum, reglum bæjarstjórnar og sannfæringu sinni í störfum sínum fyrir Akureyrarkaupstað. Þeir gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa
- Í störfum sínum skulu kjörnir fulltrúar koma fram af drengskap og háttvísi og sýna hver öðrum, íbúum, viðskiptavinum og starfsmönnum sveitarfélagsins fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu
- Kjörnir fulltrúar skulu gæta þess að framkoma þeirra og athafnir samrýmist starfi þeirra og þeir forðist að aðhafast nokkuð sem gæti orðið þeim til vanvirðu og álitshnekkis

- Kjörnir fulltrúar hafa ávallt að leiðarljósi grundvallarreglur góðrar stjórnarsýslu, m.a. um gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku og að lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn Akureyrarkaupstaðar
- Kjörnir fulltrúar upplýsa eins og kostur er íbúa Akureyrarkaupstaðar um störf sín og annað sem skiptir máli í rekstri sveitarfélagsins
- Þeir eru ávallt reiðubúnir að axla ábyrgð á verkum sínum
- Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn sem tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé sveitarfélagsins
- Kjörnir fulltrúar gæta þagmælsku og trúnaðar varðandi málefni íbúa og viðskiptavina sem þeir verða áskynja í starfi og trúnaður gildir um svo lengi sem sá trúnaður samrýmist lögum. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi

# Hagsmunarárekstrar

- Kjörnum fulltrúum ber að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum. Þeir taka ekki þátt í undirbúningi og afgreiðslu mála sem varða sérhagsmuni þeirra sjálfra, venlamanna, skjólstæðinga eða annarra sem tengjast þeim svo sérstaklega að ætla megi að afstaða þeirra mótist að einhverju leyti af þeim tengslum. Einnig skulu þeir gæta þess að nýta sér ekki óopinberar upplýsingar til eigin hagsbóta
- Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir, fríðindi eða annan viðurgjörning frá íbúum og viðskiptavinum Akureyrarkaupstaðar eða þeim er leita eftir verkefnum eða þjónustu bæjarins, þannig að túlka megi sem persónulega þóknun fyrir ákvarðanir á vegum bæjarstjórnar eða nefnda
- Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Akureyrarkaupstaðar

# Staðfesting

- Siðareglur þessar skulu teknar til umræðu í bæjarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils og endurskoðaðar ef þörf þykir
- Kjörnir fulltrúar skulu við upphaf hvers kjörtímabils undirrita yfirlýsingu um að þeir hafi kynnt sér og virði reglur og samþykktir bæjarstjórnar

# Gildi siðareglna? Viðurlög?

- Það eru engin viðurlagaákvæði í siðareglunum
- Hver listi getur tekið ákvörðun innan sinna raða
  - Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála
  - Skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum
  - Lausn frá störfum
- Bæjarstjórn getur ákveðið að skipta út nefndarmönnum
- Vald forseta bæjarstjórnar
  - Skylt er bæjarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu
  - Ef bæjarfulltrúi ber aðra menn brigsjum eða vikur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann. Ef bæjarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi getur forseti lagt til við bæjarstjórn að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.
  - Ef bæjarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði forseta eða almenn óregla kemur upp á fundi skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.



inga@akureyri.is

460 1003

897 1244

Gangi ykkur sem allra best!

